



Vísitala neysluverðs hækkar um 0,14%

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,14% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga 1,4% (var 1,7% í ágúst). VNV án húsnæðis lækkaði um 0,21% milli mánaða og mælist 3,1% verðhjöðnun á þann mælikvarða

Hækkun vísitölunnar milli mánaða var minni en við bjuggumst við, en við höfðum spáð 0,29% hækkun. Arion banki spáði 0,25% hækkun og Íslandsbanki 0,5% hækkun.


Með einni undantekningu var samsetningin í samræmi við væntingar okkar. Til hækkunar komu húsnæðisverð og útsölulok á fötum og skóm. Til lækkunar komu flugfargjöld til útlanda. Það sem kom langmest á óvart var mikil lækkun á verði á mat og drykkjarvörum. Alls lækkaði sá liður um 1,3% (-0,17 prósentustiga áhrif).

Mestu áhrif til milli mánaða:

- **Reiknuð húsaleiga** (+0,24 prósentustiga áhrif). Eftir mikla hækkun fyrstu sjö mánuði ársins dró verulega úr hækkunartaktinum í ágúst. Eins og við bjuggumst við kom aftur [kippur í húsnæðisverð](#) í þessum mánuði¹.
- **Föt og skór** (+0,21 prósentustiga áhrif). Svipað og gerðist í janúar hafa útsölulok færst til. Þetta sást í því að föt og skór hækkuðu minna milli mánaða í ágúst en venja er, en meira milli mánaða í september.
- **Tómstundir og menning** (+0,06 prósentustiga áhrif). Sjónvörp og tómstundarvörur hækkuðu milli mánaða.
- **Matur og drykkjarvörur** (-0,17 prósentustiga áhrif). Verð á mat og drykkjarvörum lækkaði um 1,3% milli mánaða. Mest lækkuðu kartöflur, nautakjöt, grænmeti, smjörlíki og gosdrykkir.
- **Flugfargjöld til útlanda** (-0,25 prósentustiga áhrif). Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 18,8% milli mánaða, en alla jafna er ódýrara að fljúga til útlanda í september en í ágúst.

Liður	Vægi í VNV	Áhrif á VNV	
		Raun	Spá
Reiknuð húsaleiga	20,2%	0,24%	0,22%
Föt og skór	3,4%	0,21%	0,17%
Tómst. og menning	9,8%	0,06%	0,07%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,8%	0,04%	0,05%
Kaup ökutækja	7,0%	0,03%	0,03%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,03%	-0,03%
Menntun	0,9%	0,01%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,1%	0,00%	-0,01%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,00%	-0,01%
Póstur og sími	2,3%	0,00%	-0,01%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,00%	0,00%
Heilsa	3,9%	-0,01%	0,00%
Bensín	1,8%	-0,02%	0,02%
Ferðir og flutningar - annað	4,7%	-0,02%	-0,02%
Matur og drykkjarv.	13,3%	-0,17%	-0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	-0,25%	-0,19%
	100,0%	0,14%	0,29%

Mánaðarbreyting VNV í september



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Fasteignaverð kemur inn í reiknaða húsaleigu með einnar mánaðar töf.




Tveir gagnstæðir kraftar

Seinustu ár hafa tveir gagnstæðir kraftar tekist á, gengi krónu og húsnæðisverð. Styrking krónunnar, lítil erlend verðbólga og aukin samkeppni samhliða komu erlendra smásölufyrirtækja inn á markaðinn vinna á móti miklum verðhækkunum á húsnæði.

Þegar mest var í sumar var tólf mánaða hækkun húsnæðis 19% (3,9 prósentustiga framlag til 12 mánaða hækkunar VNV), en tólf mánaða lækkun innfluttra vara 7% (2,3 prósentustiga framlag til 12 mánaða lækkun VNV) .

Framlag hvors um sig hefur minnkað síðan þá. Við því var búist, enda hvorugt sjálfbært til lengri tíma. Verðbólguferillinn næstu mánuði mun fyrst og fremst ráðast af því hvor þátturinn gefur hraðar eftir.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.